



Stjórnarfundur 7 föstudaginn 24. apríl 2013 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir, Aðalsteinn Eymundsson og Valdimar Hafsteinsson.

Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson, Óskar Hauksson, Hreggviður Norðdahl.

Dagskrá

- Landsliðsmál
- Ársþing BLÍ
- Fjármál
- Önnur mál
 - Sekt Fylkis
 - Íþróttþing
 - Dómararáðstefna CEV
 - Fundur með RÚV
 - Afmæli CEV
 - Öldungamót BLÍ

Fundargerð

Landsliðsmál

- Hóparnir eru að æfa á fullu núna frá og með deginum í dag. Lokahópar eiga að vera klárir fyrir 6. maí.
- Stefán fer sem fararstjóri með karlaliðinu til Svíþjóðar og heldur svo áfram til Luxemborgar. Gunnar Svanbergsson verður sjúkraþjálfari í Svíþjóðarferðinni.
- Sævar Már Guðmundsson fer sem fararstjóri með kvennaliðinu til Daugavpils í Lettlandi og heldur svo áfram með liðinu til Luxemborgar þar sem hann dæmir fyrir hönd Íslands á Smáþjóðaleikunum. Mundína Ásdís Kristinsdóttir verður sjúkraþjálfari með kvennaliðinu og verður svo áfram í Luxemborg, þá með öll liðin.
- Heiðbjört Gylfadóttir verður flokkstjóri strandblakhópsins
- Verið er að skoða möguleika á æfingaferð fyrir strandblakhópin
- Unglingalandsliðsmál:
 - Það kom áskorun frá YFN BLÍ um að ráða þjálfara fyrir unglingsliðin. Landsliðsnefnd skoðar það mál og reiknar með að byrja á að tala við þá þjálfara sem voru með liðin í fyrra.

Ársþing BLÍ

- Dagsetning 8. júní kl. 09.00
- Tillögur koma frá nefndum
- Fráfarandi stjórnarmenn ákveða sig um áframhaldandi stjórnarsetu
- Boðun ársþings fer fram með tölvubréfi sent til Íþróttabandalaga og Héraðssambanda einum mánuði fyrir þing. Um leið fer póstur á póstlista sambandsins til allra aðildarfélaga.
- Kjörbréfin verða send 16 dögum fyrir ársþing BLÍ

Fjármál

- Rætt var um stöðuna sem er orðin ágæt, skuldir hafa minnkað og búið er greiða upp tvo stóra skuldaliði.

- Uppgjör bikarkeppnina lítur vel út. Miðasalan gekk ágætlega svo og sala auglýsinga.
- Aðeins var rætt um það að félagin sem leika í undanúrslitum og úrslitum bikarkeppninnar geti komið að sölu á auglýsingum á úrslitaleikina.

Önnur mál

- Rætt var um það að karlalið Fylkis mætti ekki til leiks í seinna bikarmótið í Neskaupstað. Stjórnin úrskurðaði að sekta bæri Fylki eins og skylt er samkvæmt reglugerð um frestanir leikja. Fylki verður sent bréf þess efnis.
- Íþróttaping ÍSÍ rætt og það sem fram fór þar. Hægt er að sjá fundargerð þingsins á heimasíðu ÍSÍ. Garðar Svansson var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- Dómararáðstefna CEV. Ákveðið að senda Jón Ólaf Valdimarsson sem fulltrúa Íslands þangað.
- Fundur með RÚV þar sem greint var frá nýju íþróttarásinni og fleiri möguleikum á útsendingum.
- Árs- og uppskeruhátíð BLÍ.
- Umræður um aðsend bréf.
- Samþykkt voru kaup á nýrri tölvu og nýjum prentara fyrir skrifstofu BLÍ
- Rætt um ferðakostnað landsliðsfólks. Fram kom að allir væru undir sama hatti hvað varðar greiðslu vegna ferða á vegum BLÍ

Fundi slitið kl. 18:30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð